



Unnið af: Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu

FAS22120008

9. maí 2023

Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir júlí til desember 2023

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á tímabilinu júlí til desember 2023:

16. ágúst
6. september
18. október
15. nóvember
6. desember

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán fyrir allt að 21.000 m.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs eða með öðrum hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum.

Eins og á síðasta ári er lagt til að ákveða fyrirhugaðar útboðsdagsetningar fyrirfram til að vera með ákveðinn fyrirsjáanleika í útboðum varðandi tímasetningu þeirra. Útgáfuáætlunin nær nú frá júlí til desember 2023.

Einungis eru ákveðnar dagsetningar fyrirhugaðra útboða en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn eða í hvaða skuldabréfaflokki er boðið út eða hvort farið verður í útboð yfirhöfuð, heldur er sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs